



Neyðarkall frá Eþíópíu

Það á ekki af Eþíópíubúum að ganga. Enn einu sinni hafa þurrkar valdið uppskerubresti svo hungursneyð vofir yfir. Rauði kross Íslands hyggst senda fé til hjálparstarfs í Eþíópíu innan tíðar en Alþjóða Rauði krossinn hefur þegar hafið matvæladreifingu.

Hercules vél Alþjóða Rauða krossins lenti um miðjan apríl með fyrstu sendingu af matvælu sem dreift var um Somali fylki í Eþíópíu þar sem neyðin er stærst. Áætlað er að dreifa um 4500 tonnum af mat til 188.000 hungraðra fram í lok júní en mataraðstoðin er í forni matarolíu og forsoðinni blöndu af maís, soja og sykri. Rigningar sem hófust í byrjun maí torvelda hjálparstarfið því vegir eru nú víða ófærir.

Mósambíkurverkefni seinkar

Heilsugæsluverkefninu í Mósambík seinkar um fáeina mánuði vegna flóðanna en sendifulltrúi okkar einhenti sér í að aðstoða mósambíska Rauða krossinn við skipulagningu björgunarstarfa.

„Ég hef lítið getað unnið í heilsugæsluverkefninu en á þessum tíma hef ég aflað mér mikilla upplýsinga og fengið miklu betri mynd af því sem er að gerast í landinu. Þannig að þetta hefur ekki verið ónýtur tími,“ segir Hjördís Guðbjörnsdóttir, sendifulltrúi í Mósambík. Rauða kross samtök Mósambíkur og Íslands hugðust hrinda af stað í janúar viðamiklu heilbrigðisverkefni í Maputo-héraði en sú fyrirætlan raskaðist þegar flóð hófust á svæðinu í byrjun febrúar. Vonast er þó til að hægt verði að hefja byggingu heilsugæslustöðvarinnar í sumar.

Sendifulltrúar Alþjóða Rauða krossins segja að til lengri tíma litið boði rigningarnar von um betri sprettu en að fólk á mestu hungursvæðunum sé í mikilli hættu takist ekki að koma mat á staðinn. Til viðbótar hafi hætta á farsóttum aukist til muna vegna votviðrisins. Um 66 milljónir manna búa í Eþíópíu og talið er að um 8 milljónir séu í hættu vegna þess að árlegur “belgrigningartíminn” hefur látið á sér standa. Þurrkar og hungursneyðir hafa hrjád íbúa sumra svæða árum saman - og segir það meira en mörg orð að meðallífslíkur karla í Eþíópíu er ekki nema 39 ár.

Belgrigningartíminn svokallaði hefst iðulega í febrúar og stendur í um 2 mánuði en í Suður-Wollo héraði hefur rigningin látið á sér standa fjórða árið í röð. Jarðvegurinn er skorpinn og margir bændur settu ekkert niður á þessu ári, sumir vegna þess að fjölskyldan hafði í neyð sinni borðað fræin frá Rauða krossinum, aðrir töldu vonlítið að upphornaður jarðvegurinn bæri nokkurn ávöxt.

Rauði kross Íslands hefur með aðstoð nokkurra fyrirtækja safnað fé til hjálparstarfsins. Skeljungur gaf þrjár krónur af hverjum seldum lítra af eldsneyti eina helgi, Lyfja 100 krónur af hverjum seldum lyfseðli í



Talið er að mikill fjöldi manna fari á vergang þegar hungrið sverfur að.

þrjá daga og Landssíminn gaf 20 krónur á hvert símtal sem hringt er vegna atkvæðagreiðslu í Evróvision söngvakeppninni. Reykjavíkurdæld

lagði eina milljón króna í starfið, Hafnarfjarðardeild 200 þúsund krónur og Snæfellsbærardeild 100 þúsund.

27 flóttamenn til Siglufjarðar

Þegar grænka tekur í byrjun júní fær fólk sem hraktist frá heimilum sínum í Króatíu fyrir áratug loks samastað á Siglufirði. Þar á meðal börn sem hafa alla tíð búið í flóttamannabúðum.

Þeir 27 flóttamenn sem koma til Siglufjarðar í byrjun júní hafa nær allir verið á flótta eða búið við óeðlilegar aðstæður síðan þeir hróktust frá heimilum sínum í Krajina héraði í Króatíu á árunum 1990-1995. Hólmfríður Gísladóttir, deildarstjóri hjá Rauða krossi Íslands, er nýkomin frá flóttamannabúðum í Serbíu þar sem hún þurfti

að velja 20-25 manns sem flytjast máttu til Íslands. Erfitt var að gera upp á milli fólksins og segir Hólmfríður að íslensku sendifulltrúunum hafi verið mjög létt þegar Páll Pétursson, félagsmálaráðherra, veitti góðfúslega leyfi fyrir einni fjölskyldu til viðbótar. “Þetta voru hjón með eina dóttur sem hafði alist upp í flóttamannabúðum frá 3ja mánaða aldri. Hún er fimm ára gömul núna og hefur aldrei lifað venjulegu lífi. Okkur létti mjög þegar Páll Pétursson veitti leyfið því þetta var sú fjölskylda sem við áttum hvað bágast með að neita.”
Í hópnum eru barnafólk,

mæðgur, feðgar og einn einstaklingur en flestar fjölskyldurnar eru af blönduðum þjóðernum og eiga því ekki möguleika á að snúa aftur heim til Króatíu eins og ástandið er núna. Þar á meðal eru hjón með 6 börn á aldrinum 0-13 ára sem búið hafa undanfarið í einu herbergi í serbneskum flóttamannabúðum. Fjölskyldufaðirinn er rafvirki að mennt og raunar eru flestir karlmennirnir í hópnum iðnmenntaðir. Og það var ekki nokkur beygur í fólkinu við tilhugsunina um að flytjast norður undir Dumbshaf. “Þetta fólk þráir bara að komast í burtu og lifa eðlilegu lífi.”

Hörmungar af manna völdum

Eftir næstum tíu ára viðskiptabann er Írak í niðurniðslu. Skóla-kerfið og heilsugæslan eru í molum, skolplagnir og vatnsleiðslur að grotna niður og ungbarnadauðinn er gríðarlegur. „Írakar eru ekki að deyja úr hungri en öll virðing er frá þeim tekin, það eru engar framfarir, ekkert viðhald, engir möguleikar, ekkert að hlakka til. Fólk situr bara og bíður,“ segir Hlín Baldvinsdóttir sem er nýkomin frá Írak.

Hlín sneri heim frá Írak í byrjun ársins eftir að hafa starfað í eitt ár sem skrifstofustjóri sendinefndar Rauða krossins í Bagdad. Hlín hafði starfað við hótélrekstur frá 17 ára aldri, lengst af í Danmörku, en ákvað fyrir um tveimur árum að vanda kvæði sínu í kross. „Börnin voru farin að heiman og þegar maður er búinn að vera í atvinnulífínu og þéna mikinn pening fyrir einkafyrirtæki þá fannst mér að ég þyrfti að nota krafta mína til að vinna án þess að vera að græða peninga.“

Vatnslaut á heilsugæslustöðvum

Sem skrifstofustjóri hafði Hlín meðal annars umsjón með matvæladreifingu til níu þúsund barna og uppbyggingu tólf heilsugæslustöðva enda eru þær víða í svo slæmu ásigkomulagi að þar er ekki einu sinni vatn að hafa. „Það eru um 900 heilsugæslustöðvar í Írak en þær eru meira og minna í ægilegri niðurniðslu. Auðvitað er það aðeins dropi í hafið en við höfðum fjármagn til að endurbyggja tólf þeirra.“

Sérhæfð skyndihjálparnámskeið

Nú geta fyrirtæki pantað hjá Rauða krossi Íslands skyndihjálparnámskeið sem löguð eru að starfsemi þeirra - enda harla ólíklegt að bankastarfsmaður þurfi nokkru sinni að meðhöndla til dæmis kalbletti í sinni skjólgóðu peningastofnun.

Fyrir um þremur mánuðum hófst átak Rauða kross Íslands til að efla skyndihjálparþjálfun á vinnustöðum og var þá horfið frá því að bjóða eingöngu altæk námskeið. „Námskeiðin voru áður um 16 tíma löng og tóku 2-3 daga sem hentar fyrirtækjunum ekki. Þannig að við vildum koma til móts við fyrirtækin með því að setja upp stutt og hnitmiðuð

200 börn deyja daglega

Núorðið berast óreglulegar fregnir af málefnum Íraks og ekki þykir lengur tiltakanlega frétt næmt þótt sprengjum sé varpað á landið en sprengjuárásirnar hafa raunar varað svo lengi að blaðamaðurinn John Pilger segir þær vera lengstu ensk-bandarísku sprengjuherferð síðan í seinni heimsstyrjöldinni. Breskar og bandarískar hervélur hafa fram á þetta ár varpað sprengjum á svæði í Írak sem liggja undir svokölluðum „flugbannsvæðum“. Írakar halda því fram að almennir borgarar hafi látist í þessum árásum en gríðarlegur barnadauðinn er sárasta blóðtakan á þessum tæpa áratug sem viðskiptabannið hefur staðið. Talið er að hálf milljón barna hafi látist vegna næringar- og lyfjaskorts frá því að viðskiptabanninu var komið á, eða um 200 börn á dag. Ungbarnadauði, sem var afar litill fyrir innrás Íraka í Kúveit, er nú með því mesta í heiminum.

Mánaðarlaun lækna 2-3 dollarar

En hvernig kom ástandið Hlín fyrir sjónir? „Fólk er bara dofið. Það var enginn biturleiki en gifurlegt vonleysi. Sérstaklega meðal yngra fólks. Írak er eitt ríkasta land í heimi og það var geysilegur auður í landinu áður en viðskiptabannið var sett á. Fólk var mjög vel menntað, bjó og lifði vel. Írak bjargaði sér fyrstu árin eftir að viðskiptabannið var sett á en svo fór ástandið að verða mjög alvarlegt, sérstaklega í heilbrigðismálum.“ Þegar ljóst var að hungur vofði yfir heimilinu Samein-

uðu þjóðirnar Írökum að selja olíu til að borga fyrir innflutning á matvællum. Verkefnið -sem var kallað „Olía fyrir mat“ - komst í framkvæmd 1996. „Einu sinni í mánuði fær hver Íraki matarkörfu, þannig að fimm manna fjölskylda fær fimm körfur. Í körfunni eru hrísgrjón, baunir, te, sykurla, mjólkurduft og sápa. Og prófaðu svo að borða þetta á hverjum einasta degi! Þannig að þó að fólk svelt ekki þá er gifurleg einhæfni í matnum,“ segir Hlín og bætir við að gert sé ráð fyrir Írakar bjargi sér sjálfir með kjöt og grænmeti. En þegar mánaðarlaun lækna, um 2-3 dollarar, duga ekki fyrir nema einum kassa af tómtóm eru möguleikar almennings til að auka fjölbreytni í fæðu sinni heldur takmarkaðir.

Vanþekking foreldra

Auk lyfjaskortsins er það einmitt einhæfni í mataræði sem hefur verið valdur að ótímabærum dauða 5000 írakra ungbarna á mánuði. Hlín telur að þar vegi þýngst þekkingarleysi foreldra, þ.e. að vanþekking hindri þá í að nýta sér sem best þá hjálp sem þó berst. Þegar hún vann ásamt fleirum að mótun stefnuskrár fyrir starfsemi Rauða krossins í Írak næstu tíu árin var því ákveðið að beina kröftunum annars vegar að foreldrafræðslu um mikilvægi brjóstgáfafræðis, næringarfræði og meðhöndlun vatns og hins vegar áframhaldandi uppbyggingu heilsugæslunnar.


Jafngildi þjóðarmorðs

„Það sárasta við ástandið í Írak er



Hlín Baldvinsdóttir.

að þar eru hörmungarnar manngerðar,“ segir Hlín. Nógar eru hörmungarnar í heiminum samt. „Írakar gætu verið efstir á listanum yfir þá sem geta hjálpað öðrum í heiminum. Það er hægt og rölega verið að taka lífið af heilli þjóð. Ef við getum fundið upp lítinn tölvukubb til að kaupa hlutabréf og senda skilaboð úr farsíma þvert yfir heiminn - þá hljótum við að geta fundið upp einhverja hegningu aðra en að svelta þjóðina.“



2. tölublað, 7. árgangur, maí 2000

Útgefandi:

Rauði kross Íslands
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík

Sími: 570 4000 Fax: 570 4010

Netfang: central@redcross.is

Veffang: www.redcross.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Þórir Guðmundsson

Umsjón: Lóa Aldísardóttir

Netfang: thorir@redcross.is

Útlit: Mátturinn og dýrðin

Umbrot: Blaðasmiðjan

Prófarkarlestur: Mördur Árnason

Prentun: Prentsmiðjan Oddi

Upplag: 12.000

Stjórn Rauða kross Íslands:

Anna Þrúður Þorkelsdóttir, formaður

Úlfar Hauksson, varaformaður

Gunnlaugur Dan Ólafsson, ritari

Björn Jónsson, gjaldkeri

Hörður Högnason

Sigurður A. Sigurðsson

Sigurður Kr. Sigurðsson

Torben Friðriksson

Sveinborg Helga Sveinsdóttir

Guðmundur R.J. Guðmundsson

Jóhannes Rúnar Jóhannsson

Guðný Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri:

Sigrún Árnadóttir



Sviðsett mynd

ar hafa verið haldin fjölmörg sérhæfð námskeið.

Líf og dauði í Suður-Afríku

Þegar þetta er ritað eru rúmir tveir mánuðir síðan við Hjalmar Sveinsson fréttamaður Ríkisútvarpsins og Ragnar Axelsson ljósmyndari Morgunblaðsins heimsóttum alnæmissjúklinga í Höfðaborg. Við ræddum við Lennox Cefa, sem lá á bedda í skúr í fátækrahverfinu Khayelitsha, fylgdumst með þegar hjúkrunarkonur Rauða krossins böðuðu Christínu Kolaba á snyrtilegu heimili hennar, ræddum við Wiseman Kubuly og fjölskyldu hans utan við kofann þeirra, hittum Nowethu Bessie, sem hafði búið við HIV-veiruna í nokkur ár, og á hverfisstöð Rauða krossins heimsóttum við konur sem þar koma saman vikulega til að ræða sín mál. Allt þetta fólk átti það sameiginlegt að vera smitað veirunni og sumt þeirra var komið með alnæmi.

Í byrjun maí komu fulltrúar suður-afrikska Rauða krossins hingað til lands, þar á meðal kona sem starfar við alnæmisverkefnið í Höfðaborg. Hún skoðaði ljósmyndirnar sem birtust í Morgunblaðinu og sá þar kunnugleg andlit. Og hún sagði okkur þær fréttir að af öllu því fólk sem er nafngreint hér að ofan væri einungis Wiseman Kubuly enn á lífi.

Þórir Guðmundsson
upplýsingafulltrúi Rauða kross Íslands



Lennox Cefa



Christina Kolaba



Nowethu Bessie

Líf í gamla apótekið

Tónlist og hlátrasköll ómuðu fram á nótt um páskahelgina úr gömlu apóteki á Ísafirði sem þar til fyrir skemmstu var í niðurníðslu. Á skírdag opnaði þar vímlaust kaffi- og menningarhús fyrir ungt fólk á aldrinum 16-20 ára, að frumkvæði Rauða kross Íslands.

Sigríður Magnúsdóttir, formaður Öndarfjarðardeildar Rauða krossins, hafði lengið gengið með þann draum í maganum að skapa aðstöðu fyrir ungt fólk sem er vaxið upp úr félagsmiðstöðvunum til að sinna uppbyggilegum hugðarefnum. Rauði kross Íslands, Hollvættir Framhaldsskóla Vestfjarða og Vá-vest-hópurinn tóku höndum saman þegar Sigríður hafði kynnt hugmyndina og afrakstur samvinnunnar leit dagsins ljós á skírdag þegar húsið var opnað. Að sögn Bryndísar Friðgeirsdóttur, svæðisfulltrúa Rauða kross Íslands á Vestfjörðum, hefur unga fólk í svæðinu tekið uppátækinu vel. „Krakkarnir eru mjög ánægðir með þetta og aðsóknin hefur verið góð.

Þetta var gamalt hús og illa viðhaldið og þau unnu hörðum höndum við að mála og þrifa, rífa niður vegg og innrétta húsið áður en það var opnað. Við fullorðna fólk erum alltaf að skaffa krökkum verkefni og setjum þau í dansskóla, tónlistarskóla og svo framvegis. Hér á kaffihúsinu er hins vegar komið að þeim að segja okkur hvað þau vilja gera. Við hjálpuðum þeim bara við undirbúninginn og fjármögnunina.“

Nýta má húsið undir hvers kyns menningarstarfsemi og meðal hugmynda á listanum eru útgáfa, klúbbstarfsemi, tónleikar, myndlist-

arsýningar o.s.frv. Þegar er búið að opna tölvuver með þremur nettengdum tölvum sem Síminn gaf húsinu og hafa þær, ásamt sjónvarpinu, verið afar vinsælar frá því húsið var opnað. En starfsemi þarf ekki að vera öll á háfleygu nótonum. „Vandamálið var að þegar krakkar voru að koma hingað frá Súðavík, Bolungarvík, Flateyri, Suðureyri og Þingeyri þá höfðu þau engan samastað á Ísafirði - það nennir enginn sjoppueigandi að hafa sjoppuna fulla af hlæjandi unglingum. Það eru margar hugmyndir í gangi en ein er líka sú að

þau geti komið þarna inn og gert ekki neitt! Unga fólk hefur vantað samastað til að gera ekki neitt og bara spjalla saman,“ segir Bryndís.

Stærsta rekstrarframlagið kemur frá Rauða krossi Íslands en þegar hafa borist yfir 600 þúsund krónur frá fyrirtækjum og félagasamtökum á svæðinu. Rafeindafyrirtækið Pólstækni reið á vaðið og bað um að fá að leggja fé til hússins - sem var að sjálfsögðu þegið með þökkum! Reksturinn verður metinn að ári liðnu og ef vel gengur hefur Rauði kross Íslands jafnvel í hyggju að styðja við uppbyggingu slíkra kaffi- og menningarhúsa víðar á landinu.



„Mikilvægast er að húsið er í hjarta bæjarins og nú er komið líf í þetta hús,“ segir Bryndís.



Almenningur til hjálpar

Röskar fjórar milljónir söfnuðust þegar Rás 2 lagði heilan dag undir söfnun fyrir fórnarlömb flóðanna í Mósambík - þótt ekki tækju stórfyrirtæki landsins við sér.

Fyrir skömmu stóð Rás 2 fyrir söfnun fyrir Mósambíka og var hún haldin að frumkvæði starfsfólks stöðvarinnar. Söfnunarféð verður nýtt til að hreinsa vatnsból og til að auðvelda fólki aðgang að ómengdu vatni. Hreinsun vatns skiptir sköpum í kjölfar flóða því iðulega eru þeir fleiri sem látast af sjúkdómum sem berast með menguðu vatni en drukna í vatnselgnum.

Að sögn Ævars Arnar Jónssonar, dagskrárgerðarmanns á Rás 2, eru menn „þokkalega sáttir“ við þá upphæð sem safnaðist. „Viðbrögð almennings voru góð en ég hefði viljað sjá meiri viðbrögð frá stórfyrirtækjum landsins sem eru að skila milljörðum í gróða. Það komu framlög frá einu og einu fyrirtæki en þá voru það yfirleitt starfsmennirnir sem tóku sig saman. Við gerðum allt sem við gátum.“

Söfnunin stóð yfir í einn dag, frá níu að morgni til sex að kvöldi. Ekki er efnt til safnana með reglubund-

um hætti á Rás 2 „en við erum alltaf opin fyrir slíku ef málefnið er gott og sá aðili sem leitar til okkar er

traustur. Það má þó ekki hafa safnanir of oft, þá verður fólk bara leitt á þeim.“



Féð sem safnaðist í söfnun Rásar 2 rennur m.a. til hreinsunar vatns í Mósambík en vatn mengaðist mjög í flóðunum þar fyrir á árinu.

Aðgerðir gegn ofbeldi

Íslenskir unglingar eru jafnhæddir og bandarískir um að verða fyrir ofbeldi. Það má sjá í nýlegri íslenskri könnun, en ólíkt flestum samfélögum virðist ofbeldi hér ekki háð stéttarstöðu eða búsetu.

Fyrir ári hóf Rauði kross Íslands átakið Gegn ofbeldi sem hingað til hefur einkum falist í að vekja athygli á tilvist ofbeldis. Til að afla þekkingar á stöðu mála var nýlega efnt til könnunar í samstarfi við dómsmálaráðuneytið á viðhorfum og reynslu unglinga í 9. og 10. bekk grunnskóla á ofbeldi. Eftir að niðurstöður könnunarinnar lágu fyrir eru komnar forsendur til að hefja beinhardar aðgerðir gegn ofbeldi. Fjórum verkefnum verður hrundið í framkvæmd og taka þau mið af niðurstöðum könnunarinnar þar sem fram kom að eftirfarandi þættir hafa áhrif á hvort unglingar er líklegur til að beita ofbeldi: Tengslaleysi við foreldra, skólaleiði, vímuefnaneysla og jákvætt viðhorf vinnu- og félagslífsins í garð ofbeldis. Í samræmi

- Fjórdungur nemenda í 9. og 10. bekk óttast ofbeldi í skólanum
- Fimmtungur unglinga hefur orðið fyrir ofbeldi frá kunningjum sínum
- Nær helmingur drengja hefur meitt en 6% stúlkna
- 61% drengja og 85% stúlkna hafa hvorki beitt né orðið fyrir ofbeldi

við þessar niðurstöður ákvað Rauði kross Íslands að fara þá leið að ná sem víðtækastri samvinnu allra sem vinna með börnum og unglingum.

- * Boðað verður til fundar með þeim sem málið varðar og kannað hvort grundvöllur er fyrir sameiginlegum aðgerðum.
- * Fræðsluefni fyrir skóla og leikskóla verður útbúið.
- * Samið verður kynningarefni upp úr ofbeldisskýrslunni sem landsdeildir Rauða krossins hyggjast dreifa og kynna meðal þeirra sem vinna með börnum og unglingum. Einnig verður skýrslan kynnt fyrir unglingum í skólum og félagsmiðstöðvum.
- * Styðja á við jafningjafræðsluhóp gegn ofbeldi sem er þegar farinn af stað í Reykjavík.

Viðhorfsbreyting nauðsynleg

Markmiðið er fyrst og fremst að hringja af stað viðhorfsbreytingu til ofbeldis - og því er ætlunin að hefja uppfræðsluna strax meðan börn eru á leikskólaaldri. Viðhorfsbreytingar eiga sér ekki stað með einni leiftursókn á borð við átakið „Gegn ofbeldi“. En þótt kynningarherferðir geti virst máttlausar í þeirri herferðasúpu sem hér mallar árið um kring þá siast þær á endanum inn í vitund fólks - eigi boðskapurinn samhljóm í huga almennings. Eins og Konráð Kristjánsson hjá Rauða krossinum bendir á þá eru ekki mörg ár síðan fæstir höfðu heyrt á einelti minnst. Nú er mikil þekking á einelti meðal skólafólks og almenningur gerir sér góða grein fyrir tilvist þess. Í krafti þessarar vitundarvakningar hefur fjölmargt verið gert til að aðstoða bæði þolendur og gerendur. Nauðsynlegt er að sams konar vitundarvakning eigi sér stað um tilvist ofbeldis enda telur Konráð ofbeldisverkin verða æ alvarlegri. „Ég held að mörk ofbeldis hafi verið að færast og að mörkin milli leiks og alvöru séu orðin mjög óskýr.“

Búpeningur sveltur í hel í Balúkistan

Þúsundir hirðingja á hrjóstrugu hálendinu í Balúkistan í Pakist- anu eru að missa búpening sinn vegna gifurlegra þurrka. Þar hefur ekki deigur dropi komið úr lofti í langan tíma og vatnsból eru að þorna upp. Ahtar Abbasi er einn þessara hirðingja. Hann hefur misst meira en helminginn af litlu hjörðinni sinni á síðustu þremur mánuðum. Sá búpeningur sem enn hjarir er ósköp vesældarlegur. Ef ekki fer að rigna bráðlega deyr allur búpeningurinn, segir hann, og fólk líka. .

Á sumum svæðum hafa allt að 80 prósent af búpeningi soltið í hel. Úlfur Björnsson sendifulltrúi Rauða kross Íslands er liðsstjóri í hópi sérfræðinga frá Alþjóða Rauða krossinum sem nú kanna aðstæður á þurrkasvæðunum.

Vetrarhörkur í Mongólíu

Óvenju miklar vetrarhörkur hafa fellt tæplega tvær milljónir dýra í Mongólíu og blasir nú hungursneyð við um 400.000 manns takist ekki að koma vistum til mongólsku hirðingjanna. Starfsmenn og sjálfbóðaliðar mongólska Rauða krossins hafa ferðast hundruð kílómetra með vistir og kuldaskó til hirðingjafjölskyldna í afskekktum héruðum. Alþjóða Rauði krossinn óskaði eftir aðstoð og Rauði kross Íslands brást skjótt við, sendi milljón króna í hjálparstarfið, til viðbótar þeim 200.000 krónum sem sendar voru í byrjun mars.

Baldur Baldursson

Fæddur 9. mars 1961 -
dáinn 30. apríl 2000

Baldur Baldursson sjúkraflutningamaður lést af slysförum sunnudaginn 30. apríl. Við sjáum á bak mætum manni og félagi í Rauða krossi Íslands til margra ára. Baldur átti sæti í stjórn Sjúkraflutningaskólans og kenndi jafnframt við skólann. Hann var ávallt liðtækur, framsýnn og tilbúinn að leggja góðum málum lið. Baldurs verður minnst sem góðs félagi og kveðjum við hjá Rauða krossi Íslands hann með söknuði. Fjölskyldu hans vottum við okkar dýpstu samúð.

fyrir hönd
Rauða kross Íslands
Sigrún Árnadóttir